

11. apríl 1980.

299

Nr. 191.

## REGLUGERÐ

um bensíngjald.

### 1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnúmer 27.10.19. Gjald þetta skal frá og með 14. apríl 1980 nema kr. 91.36 af hverjum lítra.

### 2. gr.

Gjald skv. 1. gr. tekur einnig til bensínbirgða sem til eru í landinu 14. apríl 1980. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur bensínið er í vörslu eiganda sjálfs eða ekki.

Hafi gjald skv. 1. gr. reglugerðar nr. 296/1979 verið greitt af birgðum, sem til eru þann 14. apríl 1980, skal greiða kr. 20.43 af hverjum lítra slíkra birgða sem til eru umfram 300 lítra hjá hverjum eiganda.

Hver sá er á eða hefur til umráða yfir 300 lítrum af bensíni eða meira þann 14. apríl 1980 skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Eigandi eða umráðamaður skal skyldur til að aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður getur krafist upplýsinga frá bensíninnflytjendum og bensín-sölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 14. apríl 1980.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. mgr. 5. gr. laga nr. 79 6. september 1974 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78 31. desember 1977 um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 296/1979 úr gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 11. apríl 1980.*

**Ragnar Arnalds.**

*Árni Kolbeinsson.*